

Verkefni

- 1 Hvað er greiðslujöfnuður? Hverjir eru helstu hlutar greiðslujafnaðar? Eftir hvaða leiðum kemur og fer gjaldeyrir inn og út úr landinu ef hann er ekki greiðslur fyrir vörur og þjónustu? Að hvaða leyti er hægt að segja að greiðslujöfnuðurinn sé alltaf í jafnvægi?
- 2 Hvað er gengi krónunnar? Hvað er átt við þegar sagt er að gengi krónunnar hafi: a) hækkað b) lækkað c) sigið d) verið fellt?
- 3 Hver eru helstu áhrif gengisækkana? Hver eru helstu áhrif gengisækkana? Hverjir hagnast og hverjir tapa á gengisbreytingum?
- 4 Sýndu með teikningum hvernig gengi krónunnar er ákveðið í svokölluðu frjálsu eða fljótandi gengiskerfi? Sýndu áhrifin á gengi krónunnar í þessu kerfi ef:
 - innflutningur vex
 - útflutningur vex
 - fjarfestingar útlendinga hér á landi aukast
 - fjarfestingar Íslendinga erlendis aukast.
- 5 Hvað er viðskiptahalli? Hvað er greiðslubyrði erlendra langtíma-skulda? Hvers vegna er langvarandi viðskiptahalli alvarlegur? Segðu frá stöðu erlendra skulda, viðskiptahalla og greiðslubyrði hér á landi í lok síðasta árs.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

20

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var stofnaður árið 1946 af 39 þjóðum í þeim tilgangi að auka samvinnu í peningamálum, efla stöðugleika í gengismálum, stuðla að hagvexti og fullri atvinnu og síðast en ekki síst til þess að veita aðildarlöndum sjóðsins tímabundna aðstoð þegar þau ættu við erfiðleika að etja vegna skammtímahalla á viðskiptajöfnuði.

Að sjóðnum standa nú 185 lönd sem, auk ofangreindra markmiða, vilja auðvelda viðskipti landa á milli og bæta lífskjör í heiminum. Hver þjóð leggur í upphafi fram ákveðinn kvóta í sjóðinn og getur fengið lánaða upphæð sem er jafnhá kvótanum án nokkurra skilyrða af hendi sjóðsins. Kvóti hvers lands tekur mið af verðmæti utanríkisviðskipta þess þannig að stórbjóðir sem stunda mikil viðskipti eiga mestan kvóta og leggja fram hæstar upphæðir í sjóðinn. Þurfi land meira lán en sem nemur kvóta þess hjá sjóðnum fylgja lánveitingunum ýmis skilyrði sem sjóðurinn setur lántakandanum.

Kvóti landa í sjóðnum ákveður ekki eingöngu skilyrðislausu lánamöguleika þeirra, heldur einnig yfir hversu miklu atkvæðamagni hvert land ræður í stjórn sjóðsins. Kvótinn er ein aðaluppsetta lánsfjár úr sjóðnum en sjóðurinn hefur auk þess stofnað svokölluð „sérstök dráttarréttindi“ (SDR) sem er gjaldmiðill sem aðildarþjóðirnar geta notað sín á milli.

Til að einstakar lánveitingar hljóti samþykki stjórnar sjóðsins þurfti frá upphafi að koma til samþykki 85% atkvæða í sjóðnum.



Höfuðstöðvar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Land sem hafði yfir að ráða 15% af atkvæðamagninu hafði sjálfkrafa neitunarvald í sjóðnum. Bandaríkin eru eina þjóðin sem frá upphafi hefur haft neitunarvald í sjóðnum. Evrópusambandið gæti einnig beitt neitunarvaldi ef það færi með sameiginleg atkvæði allra ESB-landanna.

Í byrjun kreppunnar á árunum milli 1929 og 1932 féll heimsmarkaðsverð um 48% og verðmæti utanríkisviðskipta í veröldinni dróst saman um 63%. Fólk treysti ekki lengur verðgildi peninganna, eftirspurn eftir gulli óx og verð þess hækkaði. Framboð af gulli var ekki nægilega mikið til að það gæti annað auknum viðskiptum landa á milli. Margar þjóðir sem höfðu bundið verðgildi gjaldmiðla sinna við gull gáfust upp á því.

Eftir síðari heimsstyrjöldina tóku aðildarþjóðir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins upp sameiginlegt gengiskerfi, svokallað fastgengiskerfi, þar sem hver gjaldmiðill hafði fast verð í öðrum gjaldmiðlum en aðeins dollarinn hafði fast verð í gulli. Til að þjóðirnar þyrftu ekki að fella gengi gjaldmiðla sinna þegar þær áttu við skammtímaerfiðleika að etja á viðskiptajöfnuði gátu þær fengið lán úr sjóðnum. Eftir 25 ára reynslu aðildarríkjanna af fastgengiskerfinu í nóvember 1971 rauf Nixon þáverandi Bandaríkjaforseti tengsl bandaríkjadollars við gull og þá fóru allir gjaldmiðlar heimsins á flot eins og það var kallað. Þá hafði fastgengiskerfið í þáverandi mynd að flestra mati gengið sér til húðar. Nú leyfir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn aðildarþjóðum sínum að velja sér hvert sína aðferð við að skrá gengi gjaldmiðla sinna. Einu skilyrðin sem sjóðurinn setur aðildarþjóðunum er að þær tengi ekki gengi gjaldmiðla sinna við gull og veiti sjóðnum nákvæmar upplýsingar um hvaða aðferðum þær beiti við gengisákvæðanir.

Aðildarþjóðirnar hafa ákveðið að sjóðurinn skuli í ákvörðunum sínum skyggjast lengra en til gengis hvers gjaldmiðils en gengið er að sjálfsgöngu afleiðing af efnahagsstefnu og efnahagsaðstæðum landanna. Sjóðnum ber nú skylda til að líta á allar þær efnahagsstærðir sem hafa áhrif á gengisskráninguna á hverjum tíma.

Aðildarþjóðirnar hafa ákveðið að það sé þeim fyrir bestu að ráða ráðum sínum innan sjóðsins til þess að tryggja stöðugt og nær alþjóðlegt kerfi viðskipta með gjaldeyri án takmarkana.

Eins og áður segir lánar sjóðurinn þeim aðildarþjóðum sem eiga við erfiðleika að etja í viðskiptum við útlönd, en þjóðirnar verða í staðinn að vera tilbúnar til að gera gagngerar breytingar á efnahagsstefnu sinni í þeim tilgangi að höggva að rótum vandans. Sjóðurinn hefur vald til að krefjast upplýsinga af aðildarþjóðunum um stefnu þeirra á sviði peningamála og fjármála og einnig til að krefjast þess að þær forðist í lengstu lög að setja hömlur á viðskipti með gjaldeyri sín á milli.

Undanfarna áratugi hafa frjáls gjaldeyrisviðskipti aukin fjárfestingar, ferðafrelsi, og viðskipti landa á milli. Samvinna aðildarþjóða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins við að aflétta hömlum á viðskipti með gjaldeyri hefur átt stóran þátt í þessari þróun. Sjóðurinn hefur stundum verið ásakaður um að taka ekki nægjanlegt mið af ólíkum efnahagsvandamálum ríkra landa og fátækra. Því hefur oft verið haldið fram að ráðleggingar sjóðsins hafi hentað vel hagkerfum ríku landanna en stundum gert meiri skaða en hitt í fátækari hlutum heims. Sjóðurinn hefur einnig verið ásakaður um að beita neitunarvaldi í pólitískum tilgangi, sérstaklega á árum kalda stríðsins, t.d. með því að skrúfa fyrir lánveitingar úr sjóðnum þegar til valda komust ríkisstjórnir í fátækum löndum sem, að dómi meirihluta stjórnar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, höfðu að leiðarljósi of róttæk félagsleg og efnahagsleg markmið.

Stefna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er enn umdeild og verður efalaust alltaf enda hefur sjóðurinn verið afar valdamikil stofnun sem hefur þurft að taka tillit til ólíkra aðstæðna aðildarríkja sinna í efnahagsmálum.

Verkefni

1 Hver eru helstu hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins?

Hvernig og af hverju hafa þá leitað á höndir sjóðsins.